

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 392/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ægi Þór Harðarsyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Refsiákvörðun. Þjófnaður. Gripdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar og mildunar refsingar. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvalds til staðfestingar refsíákvörðun.

Ákærði krefst þess aðallega, að sér verði ekki gerð refsing, en til vara, að refsivist, sem dæmd var í héraðsdómi, verði stytta og ákveðið í dómi, að ákærði taki refsingu út á viðeigandi stofnun. Til þrautavara krefst hann þess, að refsing verði milduð og hún jafnframt skilorðsbundin.

I.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa framið brot þau, sem hann var ákærður fyrir, að öðru leyti en því, að „honum hafi talist 37.000 krónur vera í höndum honum, peningar hafi þar að auki legið á gólfinu og segir, að það geti vel staðist, að hann hafi hrifsað 137.000 krónur úr skúffunni“. Verður því talið, að nægilegt hafi verið í stað málavaxtalýsingar að vísa til ákæru, sbr. 2. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í skýrslu ákærða fyrir dómi segir enn fremur, að hann hafi verið mjög illa staddur fjárhagslega, og hafi hann ákveðið að freista þess að taka peninga í bankanum. Hafi þessi ákvörðun hans verið tekin sama morguninn og verknaðurinn var framinn.

Er lögregla tók skýrslu af ákærða síðdegis sama dag, lýsti hann nánari aðdraganda að þessum verknaði þannig, að hann hefði lagt

bifreið sinni í Hvassaleiti og síðan gengið að útibúi Landsbankans og farið þar inn. Áður hefði hann dregið húfu með íklypptum götum fyrir augu niður fyrir andlit og sett á sig vettlinga. Síðan lýsir hann atvikum á sama hátt og greinir í ákæru.

II.

Fyrir Hæstarétt var lagt vottorð Kristófers Þorleifssonar, sérfræðings í geðlækningum, en ákærði hefur dvalist á geðdeild Landspítalans frá 4. janúar 1996 í umsjá læknisins. Í vottorðinu kemur fram, að ákærði sé „verulega persónuleikatrufaður og framheilaskaðaður af völdum fíkniefna“. Hafi ákærði frá því í æsku verið háður fíkniefnum, sem hafi skert dómgreind hans. Þá segir í læknisvottorðinu, að mjög líklegt sé, að ákærði hafi verið í vímu, þegar hann „gerði tilraun til bankarás“. Í slíku ástandi sé ákærði veruleikafirrtur og dómgreindarlaus og lítt sjálfráður gerða sinna. Loks telur læknirinn mjög líklegt, að ákærði hafi ekki verið með sjálfum sér vegna eiturlyfjaáhrifa, þegar hann framdi fyrrnefndan verknað. Við dóm í málinu verður að leggja til grundvallar læknisvottorð þetta. Af vottorðinu verður hins vegar ekki dregin sú ályktun, að ákærði hafi í umrætt sinn verið ósakhæfur. Önnur gögn málsins benda ekki til, að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis, en verið „á þunglyndislyfjum og librium“, þegar hann ákvað að freista þess að fara í bankann og taka sér fé. Af því, sem fram er komið í málinu, verður að telja ljóst, að um skilyrði 17. gr. almennra hegningarlaga um fullkomið rænuleysi hafi ekki verið að ræða. Ekki eru heldur skilyrði til að beita 16. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en ekki eru skilyrði til að beita ákvæðum 74. eða 75. gr. sömu laga.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ægir Þór Harðarson, greiði allan áfrýjunarkostnað,

þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. október 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 19. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. S-1050/1995: Ákærvaldið gegn Ægi Þór Harðarsyni, en málið er dómtekið nú í dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 19. október, á hendur „Ægi Þór Harðarsyni, Austurbrún 6, Reykjavík, kennitala 130861-3939, fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í Reykjavík:

I.

Fyrir þjófnað með því að hafa þriðjudaginn 20. september 1994 stolið áfengisflösku í verslun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins við Holtagarða. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir gripdeild með því að hafa laust fyrir hádegi miðvikudaginn 18. október 1995 stökkið inn fyrir afgreiðsluborð útibús Landsbanka Íslands við Háaleitisbraut 68, Reykjavík, með þróðingahúfu fyrir andliti og hrifsað þar 137.000 krónur úr peningaskúffu eins gjaldkerans, en tveimur viðskiptavinum bankans tókst að yfirbuga ákærða, áður en hann komst af vettvangi.

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði hefur viðurkennt brot þau, sem honum eru gefin að sök. Er málið með því dæmt samkvæmt skýlausri játningu hans, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákæru, sem rakin er hér að framan, en þar eru brot ákærða réttilega heimfærð til lagaákvæða.

Ákærða hefur áður verið refsað fyrir ölvunarakstur, akstur án ökuréttar og önnur brot á umferðarlögum og áfengislögum. Þá var hann sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot árið 1980, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið, og árið 1988 gekkst hann undir sátt fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Nú síðast á árinu 1994 gekkst hann undir 75.000 króna sektargreiðslu fyrir akstur án ökuréttar.

Ákærði sýndi mikla bíráfni með gripdeildarbroti sínu í gær, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin verjandaþóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hdl., 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ægir Þór Harðarson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. verjandaþóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar hdl., 20.000 krónur.
